

## Ársreikningur Landsnets 2020 - Stærsta framkvæmdaár í sögu Landsnets

Ársreikningur Landsnets 2020 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 18. febrúar 2021.

Helstu atriði ársreikningsins:

- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 46,6 milljónum USD (5.925,1 millj.kr.)<sup>1</sup> samanborið við 50,2 milljónir USD (6.383,9 millj.kr) árið áður.
- Hagnaður nam 27,3 milljónum USD (3.476,4 millj.kr) á árinu 2020 samanborið við 30,3 milljónir USD (3.855,4 millj.kr.) hagnað á árinu 2019.
- Handbært fé í lok árs nam 25,8 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 53,9 milljónum USD.
- Heildareignir námu 911,4 milljónum USD í árslok samanborið við 852,3 milljónir USD 2019.
- Eigið fé nam 404,8 milljónum USD í árslok samanborið við 391,3 milljónir USD 2019.
- Arðsemi eigin fjár, á árgrundvelli, var 6,9% á árinu 2020 samanborið við 7,4% 2019.

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, segir árið 2020 hafa verið ár áskorana, framkvæmda og stöðugleika hjá Landsneti og segir það mjög ánægjulegt í ljósi þess að bæði einkenndist árið af erfiðum veðrum sem og heimsfaraldri. Efnahagsleg áhrif af Covid-19 höfðu óveruleg áhrif á ársreikninginn sem sýnir góða rekstrarniðurstöðu og fjármálalegan stöðugleika.

„Það er ánægjulegt að niðurstaða ársreikningsins, sem við lögðum fram í dag, sýnir að rekstur félagsins er sterkur og sýnir fjármálalegan stöðugleika við erfiðar aðstæður. Á síðustu árum hefur náðst stöðugleiki í rekstrarumhverfi félagsins, sem er mjög mikilvægur, og grundvöllur þess að ná fram hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri flutningskerfisins. Á fyrri hluta árs voru miklar áskoranir tengdar óveðri sem hafði mikil áhrif á flutningskerfið og starfsemina. Við tók uppbygging á innviðum og áhersla var lögð á verkefni sem voru sett í forgang af stjórnvöldum í kjölfar óveðranna. Þetta var stærsta framkvæmdaár félagsins frá upphafi og við erum stolt af því að hafa náð markmiðum þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður. Framkvæmdir gengu vonum framár þrátt fyrir þær áskoranir sem fylgdu Covid-19 faraldrinum, þar sem tekist var á við einstakar tafir með breyttri forgangsröðun verkefna. Í rekstrinum var fylgt áhættumati Almannavarna og tókst með góðri samvinnu starfsfólks og ytri aðila að lágmarka áhrif Covid-19 á rekstur félagsins og halda úti góðri þjónustu við nýjar og krefjandi aðstæður. Við horfum bjartsýn til nýs árs. Verkefnastaðan er áfram krefjandi, félagið stendur vel gagnvart fjármögnun og framundan eru spennandi tímar við áframhaldandi styrkingu flutningskerfisins.“

**Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala):**

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Rekstrartekjur	130.470	140.331	154.139	147.326
Rekstrargjöld	( 83.893)	( 90.147)	( 93.087)	( 87.988)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	46.577	50.184	61.052	59.338
Hrein fjármagnsgjöld	( 12.555)	( 12.714)	( 14.983)	( 24.440)
Áhrif hlutdeildarfélags	137	334	217	164
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	34.159	37.804	46.286	35.062
Tekjuskattur	( 6.831)	( 7.497)	( 9.152)	( 7.049)
<b>Hagnaður</b>	27.328	30.307	37.134	28.013

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Fastafjármunir	858.575	799.596	780.553	777.214
Veltufjármunir	52.863	52.711	65.779	74.088
<b>Eignir samtals</b>	911.438	852.307	846.332	851.302
Eigið fé	404.848	391.311	370.303	336.964
Langtímaskuldir	439.828	353.511	429.965	472.685
Skammtímaskuldir	66.762	107.485	46.064	41.653
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	911.438	852.307	846.332	851.302

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Sjóðstreymi</b>				
Handbært fé frá rekstri	53.924	67.211	70.373	68.726
Fjárfestingahreyfingar	( 87.096)	( 43.889)	( 34.172)	( 74.627)
Fjármögnunarhreyfingar	28.697	( 30.296)	( 43.700)	36.411
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	( 732)	( 832)	( 2.897)	412
Handbært fé í ársbyrjun	30.973	38.779	49.175	18.253
<b>Handbært fé í árslok</b>	25.766	30.973	38.779	49.175

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Helstu kennitölur</b>				
EBITDA	76.928	79.825	90.695	87.822
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Eiginfjárhlutfall	44,4%	45,9%	43,8%	39,6%

<sup>[1]</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 127,21

## Rekstrarreikningur

- Rekstrartekjur námu 130,5 milljónum USD árið 2020 samanborið við 140,3 milljónum USD árið áður. Félagið hefur þrjú megin tekjustreymi; flutning til stórnotenda, flutning til dreifiveitna og sölu á flutningstöpum og kerfisþjónustu.
  - o Tekjur af flutningi til stórnotenda lækkuðu um 3,2 milljónir USD á milli ára. Orkuflutningur til stórnotenda dróst saman um 2,1% á árinu. Þá var gjaldskrá stórnotenda lækkuð tímabundið frá 1.7.2019 - 1.8.2020, en ástæða aðgerðarinnar var að uppfylla bráðabirgðaákvæði raforkulaga um endurgreiðslu til stórnotenda fyrir lok árs 2020.
  - o Tekjur af flutningi til dreifiveitna lækkuðu um 3,6 milljónir USD á milli ára. Samdráttur var í orkuflutningi til dreifiveitna á árinu, sem nam 4,0%. Gjaldskrá til dreifiveitna er í íslenskum krónum og hefur veiking krónunnar gagnvart USD haft nokkur áhrif á niðurstöðu ársins.
  - o Tekjur vegna sölu á kerfisþjónustu og orkutöpum lækkuðu á milli ára vegna áhrifa gengisbreytinga. Gjaldskrá fyrir þessa þjónustu er sett á kostnaðargrunni með 1,5% álagi. Á árinu 2020 var gjaldskrá fyrir flutningstöp og kerfisþjónustu ákvörðuð á grundvelli útboða fyrir hvern ársfjórðung og tók breytingum í takti við niðurstöður þeirra.
- Rekstrargjöld lækka um 6,3 milljónir USD á milli ára en meðalgengi USD gagnvart ISK var 135,27 árið 2020 samanborið við 122,65 árið 2019. Aukinn kostnaður var á árinu vegna afleiðinga óveðra og aukinna viðhaldsverkefna. Á árinu var unnið í uppbyggingu eftir óveður í desember 2019 og lauk henni á haustmánuðum. Á móti auknum kostnaði hafði veiking krónunnar nokkur áhrif. Almennur rekstrarkostnaður án afskrifta lækkar á milli ára um 3,7 milljónir USD. Innkaup vegna seldrar kerfisþjónustu og orkutapa lækkuðu einnig á milli ára vegna áhrifa gengisbreytinga, eða um 3,3 milljónir USD
- Áhrif gengisbreytinga kemur fram í ákveðnum liðum innan tekna og gjalda, en í heild hefur veikingin óveruleg áhrif á rekstrarhagnað fyrir fjármagnsliði.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 46,6 milljónum USD samanborið við 50,2 milljónir USD árið áður, og lækkar um 3,6 milljónir USD á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 12,6 milljónum USD en voru 12,7 milljónir USD á árinu 2019. Hrein fjármagnsgjöld lækka um 0,1 milljónir USD á milli ára.
- Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 27,3 milljónum USD á árinu 2020. Rekstrarniðurstaðan var í takti við áætlanir ársins sem ráðgerðu 27,2 milljóna USD hagnað af rekstri félagsins. Hagnaður ársins 2019 var 30,3 milljónum USD.
- EBITDA félagsins var 76,9 milljónir USD á árinu 2020 í samanburði við 79,8 milljónir USD árið áður.

## Efnahagsreikningur og sjóðstreymi

- Heildareignir félagsins í árslok námu 911,4 milljónum USD samanborið við 852,3 milljónir USD í lok árs 2019.
- Handbært fé í lok árs nam 25,8 milljónum USD. Handbært fé frá rekstri nam 53,9 milljónum USD á árinu.
- Heildarskuldir námu í árslok 506,6 milljónum USD samanborið við 461,0 milljónir USD í lok árs 2019.
- Eiginfjárlutfall í árslok var 44,4% samanborið við 45,9% árið áður.

<sup>[1]</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 127,21

Árið 2020 var mikið fjárfestingarár. Stærstu verkefni ársins voru Kröfulína og Hólasandslína sem liggja frá Fljótsdalsstöð til Akureyrar. Einnig var unnið í spennuhækkun á Austfjörðum og tengingu Sauðárkróks og Varmahlíðar. Þessi flutningsvirki voru ekki komin í notkun á árinu 2020 og eru færð meðal flutningsvirkja í byggingu í ársreikningi. Þá var gengið frá fjármögnun verkefna á árinu auk þess sem síðasti hluti stofnláns frá móðurfélagi var greiddur upp. Greiddur arður á árinu 2020 vegna afkomu 2019 var 9,5 milljónir USD.

### **Horfur í rekstri**

Áætlanir félagsins fyrir árið 2021 gera ráð fyrir 30,4 milljóna USD hagnaði af rekstri félagsins. Í tekjuáætlun er byggt á þeim magn- og verðbreytingum sem félagið hefur vitneskju um. Kostnaðaráætlun er byggð á raunkostnaði við rekstur félagsins að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem ákvörðun tekjumarka felur í sér. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að framkvæmdir nemi a.m.k. 86,6 milljónum USD á árinu. Fjármögnun verkefna er í undirbúningi og telur félagið sig hafa gott aðgengi að lánamörkuðum.

### **Um ársreikninginn**

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2020 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Uppgjör Landsnets er í bandaríkjadöllum (USD) sem er starfrækslugaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 18. febrúar 2021.

### **Um Landsnet**

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu [guðlaugs@landsnet.is](mailto:guðlaugs@landsnet.is)

Nánar á [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

<sup>[1]</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 127,21